

Dæmi um áherslur sem kynntar voru á fundinum „Cities of the future“ 07.06.19

- Menningarstofnanir í London vinna að því að auka aðgengi og aðkomu ungmenna að menningartengdri starfsemi. Þannig er ákveðinn hópur ungmenna á hverjum tíma í starfsnámi á listasöfnum, hjá sinfóníuhljómsveitinni, leikhúsum o.fl.
- Snemma á skólagöngunni þarf að byrja að kenna leiðtogafærni og hugarfar grósku.
- Menntun til friðar
- Fyrirtæki í London sem setti á laggirnar skóla fyrir 14- 18 ára nemendur sem komu úr hópi þeirra 5% í borginni með lægsta námsárangurinn og félagslega stöðu. Markmiðið að styðja nemendur við að klára skóla og fara í framhaldsnám.
- Kennarinn sem er að þróa námsefni til að vinna með „fusion skills“ segir nauðsynlegt að byrja strax í leikskóla og átta sig á sambengi milli þess sem börn læra á yngstu árunum og þeirrar færni sem þau búa yfir þegar þau verða eldri. Því þarf heildtæka sýn á menntun og skólastarf.
- Í dag eru um 25% allra starfa sem tengjast menntun eða menningu. Færst í aukana að fólk starfi sjálfstætt og talið að fljótlega muni um 50% þeirra sem starfa á vinnumarkaði vinna sjálfstætt sem „solopreneurs“
- Innleiða „active developmental course“ í skólastarf. Bent var á að snjallsímar hafi verið þróaðir án aðkomu skólakerfisins.
- Stafrænir lifnaðarhættir eru hluti af okkar raunverulega lífi. Því þarf að kenna stafræna borgaravitund sem grundvallast á siðferðisvitund og mannkostamenntun.
 - Þróa matstæki sem mæla borgaravitund. Þar væri t.d. spurt „er barnið þitt tilbúið til að fá snjallsíma“?
- Þróa þarf stafræna hæfni kennara en líka barna og foreldra.
- Tískufyrirtæki sem réði til sín kennara á eftirlaunum. Hans hlutverk að þróa samskipti í þjónustu, öllum vinnuferlum og gæðum vöru og þjónustu. Hluti af hans verkefni að tryggja að öll raftæki sem falla til hjá fyrirtækinu (tölvur, símar og annað) séu hreinsuð, viðgerð og gefin aftur til félagasamtaka og einstaklinga í nágrenninu (í 20 km. radíus)
- Mikilvægt að borgarar þekki rétt sinn en ekki síður ábyrgð.
- Menningarstarfsemi lykill að þróun borgarsamfélaga. Samtal atvinnulífs, menningar og menntunar þarf að vera til staðar
- Almenningsamgöngur eru mikilvægur þáttur í þróun borgar og hafa áhrif á menntun, menningu og sköpun. Fulltrúi samgöngukerfisins í London sagði frá vinnu þeirra við að efla samgöngur sem þjóna borgurum og ólíkri starfsemi. Boðið er upp á starfsþjálfun fyrir ungmenni og ungt fólk hjá samgöngusviði borgarinnar.
- Markvissar starfskynningar í skólum. Skoða þarf sérstaklega þau svið atvinnulífsins sem eru ný hverju sinni og tengja inn í skólana. (dæmi: vísindi, tækni, ferðaþjónusta, nýsköpun)
- Þegar þróa á menntun til framtíðar þarf að spyrja stofnanir og fyrirtæki spurningarinnar: „Hvað er það sem þú færð ekki frá þeim sem eru að hefja störf á vinnumarkaði?“ Þegar hægt er að svara þessu vitum við betur hvað það er sem þarf að kenna í nánustu framtíð.
- Verðum að huga betur að hönnun og nýsköpun í kerfum, þarf grundvallarbyltingu í kerfinu annars erum við bara að bjóða upp á „nice community work“.
- Þurfum að flytja hugsunina frá því að einblína á fræðilega sjónarhornið og yfir í að skoða hagnýta sjónarhornið.
- Mat á árangri nemenda þarf að færast frá því að vera einkunnir fyrir árangur í einstökum fögum yfir í það að vera miklu víðtækara.

- Gleymum ekki lærdómnum sem felst í því að gera mistök
- Nám á sér stað allsstaðar og er ekki bundið við formlega menntun skólakerfisins. Mikilvægt er að hugsa um borgarlandslagið sem námsumhverfi, allsstaðar fer nám fram og hægt að læra nýja hluti. Reykjavík – borgin sem lærir.